

Ferða-og dvalarstyrkir

Þeir einstaklingar sem þurfa að sækja styrkhæft nám/námskeið um langan veg eiga rétt á stuðningi við ferða- og dvalarkostnað. Um er að ræða einstaklingsstyrk og sótt er um á sérstöku eyðublaði. Styrkir eru afgreiddir af viðkomandi stéttarfélagi í umboði Ríkismenntar.

Reglur um sérstaka ferða-og dvalarstyrki:

- Akstur 50% af almennu kílómetragjaldi eins og það er ákveðið hverju sinni skv. taxa ferðakostnaðarnefndar.
- Ekki er tekið þátt í ferðakostnaði vegna aksturs sem er innan við 12 km frá námskeiðsstað eða skóla.
- Varðandi akstur og flug er alltaf gert ráð fyrir að menn velji ódýrustu leiðina.
- Flug: Heimilt er að niðurgreiða kostnað um allt að 90% af hverju flugfargjaldi. **(gildistími frá 15. mars 2020 til 31. desember 2022).**(Síðasta breyting á endadagsetningu gerð í sept. 2022).
- Gisting: Heimilt er að niðurgreiða hverja gistinótt á hótelum/gistiheimilum um að hámarki kr. 6.000.- þó aldrei hærra en 90% af verði gistingar pr. sólarhring. **(gildistími frá 15. mars 2020 til 31. desember 2022).**(Síðasta breyting á endadagsetningu gerð í sept. 2022).

Ferða-og dvalarstyrkir eru afgreiddir sér, en dragast frá hámarki einstaklingsstyrkja

Endurnýjaðar reglur gilda f.o.m. 1. júlí 2013.

Síðast breytt í nóvember 2018 (Frítt í Hvalfjarðargöng)